

Mat barna á leikskólastarfi vorið 2021

Börn úr tveimur elstu árgöngunum voru sett í þrjá rýnihópa ásamt tveimur kennurum. Tveir hópanna voru aldurshreinir og einn hópur blandaður. Börnin voru spurð út í Barnasáttmálann og greinar úr honum. Hver væri réttur barna, hvað það þýðir að eiga rétt á einhverju og hvort öll börn í heiminum séu jöfn. Einnig var talað um styrktarbarnið okkar Kikinu sem býr í Afríku, hver hún væri og hvernig við getum auðveldað henni lífið. Að lokum var rætt um Covid 19, hvort þau vissu hvað það er og hvernig þeim leið þegar það stóð sem hæst, hvað var leiðinlegt og hvað var skemmtilegt.

Blandaður hópur (börn fædd 2015 og 2016)

Öll börnin þekktu Barnasáttmálann og innihald hans. Þau töluðu um að þau ættu að fá hreint vatn, fá að vera í leikskóla og að eiga fjölskyldu. Þau voru sammála um að öll börn í heiminum væru ekki jöfn. Sum eiga mömmu og pabba í sitthvoru húsinu. Þau töluðu um Kikinu sem á ekki foreldra, en er í SOS barnaporpinu og að við værum að hjálpa henni. Einnig voru þau sammála um að það væru ekki öll börn með sömu réttindi. Þegar við ræddum um hvað væri börnunum fyrir bestu töluðu þau um að það væri best að eiga heimili og að hinn fullorðni gefi hlýju. Þau sögðu að foreldrarnir vissu hvað væri þeim fyrir bestu. Varðandi Kikinu leið þeim vel að geta hjálpað henni. Þau ætla að fara með sólblómabaukinn á skrifstofuna svo hægt sé að senda henni peninga. Kannski að gefa henni afmælisgjöf - eitthvað sem hún er sjúk í. Þau töluðu um að þeim liði vel ef þau hjálpa öðrum og að þeir sem þau hjálpuðu liði vel með það.

Þegar þau voru spurð um hvað væri COVID þá sögðu þau að það væru sýklar sem gerðu mann veikan. Þess vegna var bannað að leika og knúsa og það má ekki kíkja inn í herbergi hjá þeim sem þurfa að vera þar. Í leikskólanum þegar var mikið COVID máttu foreldrarnir ekki koma inn í skólann, börnin þurftu að leika mikið úti og allir áttu að borða inni á sinni deild. Þeim leið illa í COVID því þá máttu þau ekki hitta vini sína og ekki heimsækja alla.

Garpar (börn fædd 2016)

Öll börnin þekktu Barnasáttmálann. Þau sögðu að hann kenndi börnum og að allir eigi að vera góðir við börn. Þau vissu að í sáttmálanum væru reglur um hvernig fólk á að koma fram við börn þó að þau ættu erfitt með að koma að því orðum. Að öll börn séu jöfn vafðist dálítið fyrir þeim og einnig voru þau ekki alveg viss um hvað eru réttindi. En þegar rætt var um ýmis réttindi barna þá voru þau alveg með það á hreinu að það eru börn í heiminum sem eiga ekki öruggt heimili og búa á götunni og einnig börn sem fá ekki hreint vatn, heldur bara skítugt vatn sem veldur sýkingu. Við töluðum um að þau yrðu börn til 18 ára aldurs en þá verði þau fullorðin og þá var einn sem sagði að það væri frábært, þá myndu þau mega ráða hvort þau taki börnin með í búðina. Við ræddum svo um litlu stúlkuna í SOS barnaporpinu í Afríku sem við erum að safna peningum fyrir og þau vissu að hún heitir Kikina og þau vissu líka hvað hún er gömul. Þau komu með hugmyndir um að senda henni eitthvað skemmtilegt á afmælinu hennar í haust. Þau vissu að hún væri í barnaporpinu af því hún hefði ekki átt fjölskyldu en væri búin að eignast nýja fjölskyldu. Þau voru öll sammála um að það væri gott að geta hjálpað öðrum, þá væri maður að láta öðrum líða vel og þá myndi manni líða vel sjálfum.

Þegar við ræddum um Covid 19 mundu þau eftir að bæði lóðin og húsið hefðu verið hólfaskipt og sögðu að það hefði ekki verið skemmtilegt af því þá hefðu þau ekki getað hitt alla vini sína. Einnig voru einhver sem nefndu að þau hefðu ekki haft rólur í sínu hólf og það hefði verið leiðinlegt. Þau sögðu að fólk hefði þurft að vera með grímu í búðum og svo þurft að bíða eftir sprautu. Sum minntust þess að hafa ekki mátt heimsækja/hitta ömmu og afa og frændsystkini sín og sögðu að þeim hefði liðið illa þegar það voru svo margir sem þau máttu ekki hitta. Þau töluðu um að þau hefðu þurft að þvo hendurnar mjög vel og það var mismunandi hvort þeim þótt það gaman eða ekki og sama með að nota spritt, sumum fannst það gaman af því það var svo góð lykt af því.

Gullmolar (börn fædd 2015)

Börnin þekktu Barnasáttmálann og sögðu að í honum stæði það sem börn hafa rétt á/réttindi barna. Þau þuldu upp ýmis atriði úr sáttmálanum s.s. að öll börn hafi rétt á að fara í leikskóla, lifa, hreinlæti, öruggu heimili, fjölskyldu, fræðslu, frelsi, læknaþjónustu og að fá hollan mat. Þegar spurt var hvað eru „réttindi“ þá sögðu þau að það væri það sem þau þurfi og eigi að fá. Þegar þau voru spurð hver ætti að passa að þau fái það sem þau þurfa nefndu þau foreldra sína, fjölskylduna og ömmu og afa. Þegar þau voru spurð hvort það sé rétt að öll börn séu jöfn sögðu þau að svo væri ekki, það væru t.d. til börn sem ættu ekkert heimili. Í því sambandi nefndu þau Kikina, þau vissu að hún hefði ekki átt fjölskyldu og því hefði hún þurft að flytjast í SOS barnahóspítali. Þau vissu að við værum að hjálpa henni með því að safna peningum og senda henni. Sum vildu gera betur og senda henni mat líka en þá kom upp umræðan um að maturinn yrði kannski ekki svo góður þegar hann væri kominn alla leið til Afríku. Þá var stungið upp á að senda henni bréf og bjóða henni til okkar en svo var rætt um að senda henni frekar eitthvað skemmtilegt sem hún gæti notað t.d. liti og blöð. Þá var rætt um hvernig manni líður þegar maður hjálpar einhverjum og þau voru sammála um að þá liði manni vel. Þau töluðu um að þau væru fyrirmyndir fyrir yngri börnin og ef maður hjálpar litlu barni sem er að gráta þá líður manni vel af því þá þarf maður ekki lengur að hlusta á væl eða fýlu.

Þau voru spurð um hvað Covid 19 væri. Þau sögðu að það væri veiki sem smitaðist og ef maður væri ekki duglegur að þvo hendur eða maður væri að kyssa ókunnuga þá myndi maður smitast. Þau vissu að margir hefðu þurft að fara í sóttkví í þrjá eða fimm daga og sumir í einangrun. Þegar við rifjuðum upp hvernig var í leikskólanum á þeim tíma þá mundu þau vel eftir hólfaskiptingunni, sögðu að það hefði ekki verið skemmtilegt af því þá gátu þau hvorki farið í listasmiðju né leiksmiðju. Heima leið þeim ekki heldur vel á af því þau máttu ekki

hitta marga og sum höfðu áhyggjur af að mamma og pabbi myndu smitast.